

MENNINGARLEGT STÓRSLYS

Útvegsminjar Íslendinga frá upphafi byggðar að skemmast - Eyþór Eðvarðsson



Gufuskálar, Drottningarhóll sem er fullur af mannvistarleifum og hverfur í næsta stórvíðri. Sjá má mannvistarlög alla leið frá fjöru og upp.



Láginúpur í Kollsvík er virkilega illa farinn. Þar er 100 metra langt rofasár og í því má sjá hleðslur, öskuhauga, bein og líklega annað sem tilheyrði lífinu á landnámsöld.

Ástand strandminja á Reykjanesi, Snæfellsnesi, Vestfjörðum og frá Skaga og til Siglufjarðar er slæmt. Verstöðvarminjar, sem eðli málsins samkvæmt eru nálægt sjó, eru víða í mikilli hættu og sums staðar með öllu ónytar og farnar. Margar þessara minja eru líklega jafngamlar íslensku þjóðinni og gegndu mikilvægu hlutverki í lífsbaráttu þjóðarinnar. Ferð sem farin var síðastliðið sumar á flestar stóru verstöðvarnar sýnir svo ekki verður um villst að um er að ræða eitt stærsta menningarlega stórslys Íslandssögunnar. Brim gengur yfir sumar búðirnar í slæmum veðrum, hleðslur eru víða fallnar, öskuhaugar og annað er opið fyrir veðri og vindum.

Ástæðurnar eru nokkrar og þær helstar eru landsig, breytt veðurfar, hækking yfirborð sjávar, sauðkindin og uppblástur. Hvort skilgreina eigi aðgerðaleyfi í þessum málum sem orsök læt ég liggja á milli hluta.

Í listanum hér við hliðina má sjá hluta af þeim stöðum sem undirritaður skoðaði síðastliðið sumar og myndaði.

Ef við sem fiskveiðiþjóð ætlum að varðveita eitthvað af minjum frá þessari undirstöðuáttvinnugrein okkar verður að hafa hraðar hendur.

Í fyrirlestri sem undirritaður mun halda 13. janúar 2016 verður farið yfir málin. Á meðfylgjandi ljósmyndum má sjá ástand sumra þessara minja.



Utarlega í Tálknafirði, norðanmegin í Stapavíkum, má sjá verstöð sem er að falla í sjóinn. Brimið hefur grafið undan búðunum og mannvistarlögin undir búðunum eru í brekkunni.



Sæból í Öndarfirði er mjög illa farið og hafa verður hraðar hendur.



Breiðavík. Þar eru virkilega fallegar minjar að brotna í sjóinn. Eins og sjá má á myndinni þá er metri farinn af og minjar og öskuhaugar að eyðileggjast.

DÆMI UM MINJASTADI Í MIKILLI HÆTTU

Reykjanes

- Bäsendar á Reykjanesi
- Kirkjuból á Reykjanesi
- Húsatóftir á Reykjanesi
- Másbúðarhólmi

Snæfellsnes

- Öndverðanes á Snæfellsnesi
- Gufuskálar á Snæfellsnesi

Vestfirðir

- Breiðavík
- Kollsvík og Láginúpur
- Hænuvík í Patreksfirði
- Stapavíkur í Tálknafirði
- Selárdalur í Arnarfirði
- Hringisdalur í Arnarfirði
- Fjallaskagi í Dýrafirði
- Ingjaldssandur í Öndarfirði
- Kálfeyri í Öndarfirði
- Keravík í Súgandafirði
- Ósvör í Bolungavík

Norðurland

- Ásbúðir á Skaga
- Hafnir á Skaga
- Mánavík á Skaga
- Grafarós í Skagafirði
- Hraunakrókur í Fljótum
- Bæjarklettur í Skagafirði
- Siglunes í Siglufirði



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagið

2. töl 2015

-félag um íslenska strandmenningu

Ágæti lesandi

Það er alltaf viss spenningur í lofti þegar haustið kemur, sumarið er að líða og dagskrá okkar mannfólksins gjörbreytist með almanakinu. Það á vissulega við um Vitafélagið en á hverju hausti er lagt upp með nýja dagskrá, nýja fræðslufundi og ný viðfangsefni. Í þetta sinn verður yfirskrift dagskrárinnar **Íslensk strandmenning – auður og ógnir**. Þessir fyrirlestrar hafa tvenn meginmarkmið. Annars vegar að fjalla um þann auð sem býr í íslenski strandmenningu og hins vegar verður sjónum beint að þeim ógnum sem steðja að minjum sem hafið er að höggva í og jafnvel eyðileggja að öllu leyti. Í sambandi við dagskrána höfum við efnt til samvinnu við áhugamannafélag um Strandminjar í hættu sem hélt ráðstefnu í vor þar sem fjallað var um ástand íslenskra menningarminja við hafið. Eyþór Eðvarðsson sem er í forsvari fyrir þessum samtökum fjallar um ástandið í grein í blaðinu. Strandminjar hafa ekki verið jafn vel rannsakaðar með forleifauppgreftri og þær minjar sem tengjast landbúnaði og eru innar í landinu. Í vetur verður kastljósi Vitafélagsins beint að markverðum hlutum, jákvæðum og neikvæðum, sem eru að gerast um allt land og eins og undanfarin ár eru fræðslufundirnir haldnir í Sjóminjasafni Reykjavíkur.

Vitar hafa verið meira í sviðsljósinu en oft áður og er það vel. Íslendingar eru að vakna við vitundar um hversu mikil verðmæti liggja í þessum byggingum sem sinntu sínu hlutverki mest allar 20. öldina. Má þar nefna grein í DV 14-17 ágúst, þar sem fjallað er um dýra gistingu í Dyrhólaeyjarvita sem breytt hefur verið í hótél og tekur 220.000 krónur fyrir nóttina. Gistingin er hluti af samstarfsverkefninu „Incredible Stopover“ sem markaðssett er fyrir fólk sem sækist eftir sérstakri upplifun á meðan á dvöl þeirra stendur á Íslandi. „Vitar landsins eru verðmæt þjóðareign“ er fyrirsögn úr Morgunblaðinu 31. ágúst þar sem fjallað er um leiðir til að finna nýja notkunarmöguleika fyrir vita landsins. Þar er sérstaklega nefndur Akranesviti sem er eitt aðalaðdráttarafli fyrir ferðamenn sem þangað koma. Í þættinum Landanum var sagt frá hópi starfsmanna af siglingasviði Vegagerðarinnar sem fer hringinn í kringum landið og vitjar um hvern einasta vita sem ekki er í vegasambandi. Rætt var við Guðmund Benónýsson sem hefur unnið við þessar árlegu heimsóknir um árabíl og þekkir hvern vita eins og lófa sinn.

Þótt fræðslufundur séu ekki haldnir á sumrin leggst Vitafélagið ekki í dvala. Meðal verkefna má nefna þátttöku í Norrænu strandmenningarhátíðinni sem að þessu sinni var haldin á Álandseyjum með ríkulegri þátttöku frá Íslandi eins og fram kemur í grein Kristjáns Sveinssonar hér í blaðinu. Anna Karlsdóttir flutti fyrirlestur um íslensku sjókonuna, en yfirskrift hátíðarinnar var „Kustkvinnan“ en Anna á einnig grein í blaðinu. Vitafélagið hefur staðið fyrir gerð ljóshúss á gamla vitann á Garðskaga og mun húsið verða sett upp þegar búið er að gera við vitann. Kvikmynd um íslenska vitann er einnig í vinnslu undir heitinu Ljósmaal og er Vitafélagið með fingur í því verkefni.

Vitafélagið leitast við að vekja athygli á strandmenningu Íslands og hvernig má notfæra sér þennan menningararf með nýtingu og nýsköpun.

Sigrún Klara Hannesdóttir

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN

NORRÆN STRANDMENNINGARHÁTÍÐ Í MARIEHAMN SUMARIÐ 2015

- Kristján Sveinsson

Þegar Vitafélagsfólkið hafði komið föggum sínum fyrir í húsi smyglarans og gekk inn á hátíðarsvæðið við bátahöfnina í Mariehamn höfðu Sari Venho, staðarstjóri Strandmenningarhátíðarinnar, og hennar fólk þegar komið fyrir borðum, bekkjum, tjöldum, vögnum og ýmsu öðru sem myndi koma sér vel daginn eftir þegar hátíðahöldin hæfust.

Norræna strandmenningarhátíðin (Nordisk kustkulturfestival) var að þessu sinni hluti hátíðar sem hefur verið árviss á Álandseyjum undanfarinn aldarfjórðun og ber heitið Álands sjódagar. Þá sigla ýmis fley, forn og ný, til Álandseyja og bætast í hóp heimaflotans sem er þó fjölskúðugur, einkum hvað seglskip og seglbátar varðar. Þetta var í fimmta sinn sem norræna strandmenningarhátíðin var haldin og reyndist vel til fallið að stefna hátíðunum tveimur saman á sama stað og tíma og blanda þannig saman gömlu og nýju.

Íslenska strandmenningafólkið tók til við að nema lendur í Mariehamn, setti þar upp sölubása og haslaði sér völlu á bryggjukanti fyrir síldarsöltunargengið sem hafði brotist út úr höfuðvígi íslenskrar síldarmenningar á Siglufirði til að kynna hinum norrænu gestum handtökin við „silfur hafsin“.

Það verður að segja hverja sögu eins og hún gekk til og því verður ekki undan því vikist að greina frá því að síldin sem siglifraska síldargengið lofsöng og saltaði fyrir norræna strandmenningarvini að þessu sinni bar færeyskt ríkisfang. Árni Brattaberg frá Suðurey, ullarkaupmaður í Færeyjum og víðar, og hinir knáu skipsfélagar hans á skútunni Jóhönnu fluttu til okkar síld og tunnur svo sýna mætti hvornig Íslendingar báru sig að við síldina meðan hún var enn kryddsöltuð.

Það kom í ljós að ríkisfang síldarinnar skipti engu máli þegar Siglufirðingarnir tóku hana taki. Það var saltað og sungið af hjartans lyst og eins og endranær varð þetta atriði eitt af þeim vinsælustu. Greinilegt var að það höfðaði mikið til eldra fólks sem þarna var og kom í ljós að margir gátu sagt síldarsögur, einkum eldri karlar sem höfðu sótt síld á skipum til Íslands á síldarárunum á 7. áratug síðustu aldar eða siglt þangað með tunnur eða annað sem þurfti til síldarsöltunarinnar.

Síldin var hin besta og vel kunnu Siglufirðingarnir með hana að fara. Síðasta daginn var því gerð tilraun með síldarsölu upp úr tunnum þeim sem saltað hafði verið í og voru undirtektir furðu góðar. Greinilegt er að enn er á Norðurlöndum fólk sem kann vel að nýta sér síld.



Úr Vestur-Noregi kom fólk sem kunni þá ævafornu list að snúa reipi úr trefjaþráðum linditryjáa.



Albanus kemur í höfn í Mariehamn.



Fjór á færeysku dekki.

Þrátt fyrir að veðrið væri ekki upp á það besta hátíðardagana í Mariehamn og einkenndist nokkuð af rigningu og roki tókst hátíðin vel í heildina. Þarna var margt að sjá en mest bar á seglskipum og bátum af ýmsum gerðum. Framlag Norðmanna var bæði mikið og gott. Frá Bindal í Noregi kom Norðurlandsbáturinn stóri og úr Þrændalögum tíróinn Vengbátur, hvortveggja listasmið. Frá bænum Os (Ósi) á Hörðalandi kom feræringur af gerð sem einkennir þessar slóðir, einnig einstök listasmið.

Margir sænsku seglbátanna sem komu á vettvang voru glæsileg fley og báru vitni um mikla verkunnáttu og smekkvísi við hönnun. Smáir og stórir fylltu þeir smám saman bátalægið í Mariehamn og glöddu augað þegar þeir svifu út sundin.

Meðal þess sem gert hefur verið til að viðhalda verkþekkingu fyrri tíma í Mariehamn og veita fólki tækifæri til að kynnst sögunni er bygging seglskipisins Albanus á árunum 1988–1989. Albanus er farmskip af galías-gerð, tvímastra og breiður, enda voru skip af þessari gerð ætluð til vöruflytninga. Skip þetta var byggt samkvæmt fyrirmynd frá 1904 og er það notað til skóla- og skemmtisiglinga.

KONAN OG HAFIÐ

- Anna Karlsdóttir, landfræðingur (Lektor HÍ og senior research fellow Nordregio)

Frá upphafi markaðist lífið í sjávarbyggðum af vinnuhörku. Fyrir innreið togara í íslenskan sjávarútveg, hverfðist lífið í sjávarbyggðum um árstíðir, vertíðir og veiðar mismunandi tegunda. Frá upphafi markaðist lífið í sjávarbyggðum af vinnuhörku. Líklega vegna þess að byggðarlögin mótuðust og þróuðust úr verbúðalífi þar sem bæði menn og konur bjuggu við að vinnan var upphaf og endir tilvistarinnar. Eftir að sjávarbyggðir urðu varanlegir bústaðir fólks varð verkaskipting kynjanna oftast á þann hátt, að konan sá um verkefni í landi, þar með talin umönnun barna, heimilis og gamla fólksins, en karlinn var til sjós. Einn fylgifygur sjávarbyggðanna var stéttamunur. Því er oft ekki haldið á lofti, en er samt gömul saga og ný sem nóbelsskáldið gerði að umfjöllunarefni sínu í skáldsögunni Salka Valka. Þar elst stúlka upp með einstæðri móður sem í fátækt sinni flakkar á milli byggða þar sem vinnu var að hafa.

Fjórhúsi, fimmti og sjötti áratugir síðustu aldar voru blómaskeið síldveiða og vinnslu sem snerti heimili og menningu sjávarbyggða á djúpstæðan hátt. Síld var landað, vinna barna tíðkaðist og vinnumarkaðurinn var kynjaskiptur. Konur í sjávarútvegi voru sýnilegar á planinu, þar sem þær stóðu við tunnur og söltuðu myrkranna á milli, á meðan hráefni var til. Karlar sem unnu í landi sáu konunum fyrir aðföngunum eða sinntu öðrum störfum. Síldartímabilið varð tímabil í sögu íslensks sjávarútvegs þar sem konan við síldartunnuna var hetja í dýrdarljóma. Hún skapaði útflutningstekjur.

Nokkrir fræðimenn hafa rannsakað konur til sjós. Sagnfræðingurinn Þórunn Magnúsdóttir gerði sjókonum skil og gaf yfirlit yfir sjókonur á Íslandi 1891-1981. Fyrir tíma iðnvæðingar voru konur sem börðust hetjulega sem formenn á róðrabátum og um það er t.d. Þuríður formaður frá Stokkseyri dæmi um. Margaret Wilson mannfræðingur frá Kanada er að ganga frá bók um íslenskar sjókonur og sýning um efnið var sett upp á Sjóminjasafni Reykjavíkur.

Síðustu fimmtíu ár hefur hlutverk kvenna tengt sjávarútvegi fyrst og fremst verið á ströndinni. Ef kona var í fiski var það oftast í snyrtingu, frystingu, og flökun. Margar konur hafa unnið við beitningu eða lagfært net og veiðarfæri. Einnig hafa margar konur setið í umsýslunni, á skrifstofum, með bókhaldið og í einstaka tilfellum sem forstjórar og millistjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja.

Ráðandi sjónarhorn íslenskrar kvennamenningar við sjávarsíðuna er frá ströndinni. Konur voru sjálfstæðar og athafnasamar og oft einar að mestu um umönnun og uppeldi barna. Konur urðu þannig oft hornsteinn fjölskyldunnar þar sem karlmaðurinn sótti sjó og konan sá um allt í landi. Þær þurftu og þurfa að vera fjölbærar. Í slíkri samfélagsgerð er maðurinn sjóhetjan. Hans sjónarhorn er fyrst og fremst sjónarhorn veiðimannsins á meðan sjónarhorn konunnar mótast samfélagið í landi.

Þörfin fyrir nýsköpun í greininni er mikilvæg og þó menntuðum konum hafi ekki tekist að skapa sér sess að miklu marki í sjávarútvegi, á grundvelli menntunar, eru á þessu eru veigamiklar undantekningar. Heilmikið er af velmenntuðum konum í líffræði sem hafa reynst mikilvægir frumkvöðlar í nýhugsun um greinina og þróun hennar á afleiddum afurðum sjávarnytja, ensím, þang, matvælavinnslu og heilsuvöru og snyrtivöruframleiðslu. Ýmsum hönnuðum og listakonum hefur hafið og ávextir þess orðið uppspretta verka, nytjalistar og handverks af ýmsu tagi. Eins hafa kraftar kvenna verið áberandi í þróun ferðapjónustu við sjávarsíðuna, allt frá hvalaskoðun, til sæferða annarra og eins í tengslum við samfléttun matarmenningar og ferðapjónustu, svo fátt eitt sé nefnt.

Útdráttur úr erindi sem haldið var Álands sjöfartsmuseum 19 júlí, 2015. Greinin er óstytt á vef Vitafélagsins www.vitafelagid.com



Þegar hún var spurð sagðist hún vera alls staðar að. En fædd var hún í Kaupmannahöfn (kongens København meira að segja) og hafði svo lífað lífinu hingað og þangað um Norðurlönd. Kunni texta á öllum norðurlandamálum og þandi dragspilið af öryggi.



Á markaðstorgi roðlistarinnar. Helga og Arndís.

FLEIRI MYNDIR FRÁ MARIEHAMN...